



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 9. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** miðvikudag. 02.12.09 kl. 17:30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður  
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður  
Theodóra Ólafsdóttir (TÓL) starfsmaður

**Boðuð forföll:** Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** RP

**Helstu mál:** Keilari ársins, Norrænn fundur og Afrekssjóður

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 8. fundar 2009-2010 samþykkt.

#### 2. Keilari ársins

PI kynnti að kominn væri tími á að velja Keilara ársins. Hann fór yfir afrekslista fyrir 2009 og í framhaldinu var umræða um valið á Keilara ársins. Niðurstaða fundarins var sú að Steinþór Jóhannsson KFR og Dagný Edda Þórisdóttir KFR voru valin Keilarar ársins fyrir 2009.

#### 3. Norræni fundurinn

Norræni fundurinn verður haldinn 4-6 júní. Ræddar voru hugmyndir um mögulega fundarstaði og mun TÓL skoða verð á nokkrum stöðum. PI mun senda staðfestingu til hinna Norrænu landana á fundartíma.

#### 4. Afrekssjóðir

Umræða var um möguleika á að fá styrki úr Styrktarsjóði ungra og efnilegra auk Afrekssjóðs ÍSÍ. Talið var erfitt að fá styrki að svo stöddu. Til að geta sótt um þar sem mikla forvinnu þarf í það. T.d. þarf afreksstefna KLÍ að liggja fyrir. Það þarf að undirbúa þessi mál og setja afreksstefnu hjá KLÍ til að auðvelda vinnu við að sækja um styrki.

#### 5. Skilfur leikmanna

Umræða var um skyldur leikmanna og að það þurfi að kynna hana. Sérstaklega á þetta við um neyslu áfengis og tóbaks. Tillaga kom að útbúa miða og dreifa til allra liða.

#### 3. Önnur mál

Fyrirspurn barst um hvar hægt væri að kaupa keiluskó og kúlu. TÓL mun vera í sambandi við viðkomandi sjá um málið.

Hugsanlega eru einhverjir leikmenn enn skráðir í KFK. PI mun athuga það og laga ef svo er.

Ekki var ákveðin tímasetning á næsta fundi.